STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1986

24. júní 1986 561 Nr. 289

REGLUGERÐ

um sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. og skal gjaldið greitt í tveimur gjaldflokkum:

1. Af kartöflum sem flokkast undir tollskrárnúmer 07.01.10 skal greiða 50% gjald.
2. Af vörum unnum úr kartöflum sem flokkast undir tollskrárnúmer 07.02.00, 07.03.00, 07.04.00, 11.05.01, 11.05.09, 19.02.09, 19.08.09, 20.01.00, 20.02.07, 20.02.08, 20.02.09 og 21.07.19 skal greiða 40% gjald.

2. gr.

Sérstakt jöfnunargjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð vöru og skulu ákvæði 5.—8. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu sérstaks jöfnunargjalds skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu sérstaks jöfnunargjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs. Tekjum af gjaldinu skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil í ríkissjóð.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. gr. laga nr. 25 5. maí 1986 um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum öðlast gildi þegar í stað og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. sem ótollafgreiddar eru á þeim tíma.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1986.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Eyjólfsson.

B 54

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg